

Fundargerð 943. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 9. febrúar kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólög A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Þórdís Sveinsdóttir, Helga María Pálsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Málefni Úrvinnslusjóðs og framlengdrar framleiðendaábyrgðar - 2009107SA

Lögð fram skýrsla Ríkisendurskoðunar um Úrvinnslusjóð - Stjórnsýsluúttekt, dags. í ágúst 2022. Einnig lögð fram skýrsla starfshóps um stöð framlengdrar framleiðendaábyrgðar á Íslandi um hlutverk framleiðend í hringrásarhagkerfi, dags. í nóvember 2022. Líf Magneudóttir og Jón Viggó Gunnarsson fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs sátu fundinn undir þessum lið.

Líf Magneudóttir vék af fundi kl. 08:30.

2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA

Lögð fram fundargerð 93. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 22. janúar 2024. Jón Viggó Gunnarsson sat fundinn undir þessum lið.

Jón Viggó Gunnarsson vék af fundi kl. 08:40.

3. Fundargerð 942. fundar - 2309033SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 642. fundar stjórnar sambandsins frá 26. janúar 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

4. Kjaramálanefnd sambandsins - 2210010SA

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð 40. fundar kjaramálanefndar sambandsins frá 4. febrúar 2023.

5. Staða kjaramála - 2301032SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerir grein fyrir stöðu kjaramála í febrúar 2024.

6. **Brúum bilið leikskóli að loknu fæðingarorlofi - 2401022SA**
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sérfræðinga á þróunarsviði, dags. 19. janúar um verkefnið Brúa bilið.
7. **Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 2304024SA**
Lögð fram drög að dagskrá landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 2024. Drög verða sett inn fimmtudaginn 8. febrúar. Jafnframt lagt fram erindi til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landsþings, dags. 8. febrúar 2024, um tillögu að breytingum á samþykktum.
Stjórnin samþykkti fyrirbyggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að boða landsþingsfulltrúa formlega til þingsins 14. mars nk.
8. **Málefni Grindavíkurbæjar - 2311012SA**
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað stjórnsýslusviðs sambandsins, dags. 8. febrúar 2024, um Grindavík.
9. **Umsögn um þingsályktun um vindorku og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun - 2401011SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. janúar 2024, um þingsályktun um vindorku, mál nr. S-1/2024 og frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun.
10. **Umsögn um áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - 2401031SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins, dags. 26. janúar 2024, um áform um breytingu á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, mál nr. S-6/2024.
11. **Umsögn um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga - 2401030SA**
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar, dags. 29. janúar 2024, um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (fasteignaskattur í Grindavíkurbæ), 617. mál.

Fundi var slitið kl. 10:00